
Sínfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR

í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 15. desember 2002
kl. 17:00

Einleikari á gítar: Arnaldur Arnarson
Einsöngur: Hallveig Rúnarsdóttir
Einleikari á trompet: David Nooteboom
Stjórnandi: Daníel Bjarnason

EFNISSKRÁ:

A. Vivaldi: Konsert fyrir gítar og strengi

Allegro

Largo

Allegro

J. S. Bach: Kantata nr. 51, Jauchzet Gott in allen Landen

Arie, con moto

Recitativ

Arie

Choral, Andantino - Allegro

- HLÉ -

M. Castelnovo-Tedesco: Gítarkonsert nr. 1, í D-dúr, ópus 99

Allegretto

Andantino Romanza

Ritmico e cavalleresco

Almennur söngur: Í Betlehem er barn oss fætt

Aðgangseyrir er kr. 1000, afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara,
frítt fyrir börn.

FLYTJENDUR:

Arnaldur Arnarson vann fyrstu verðlaun í XXI alþjóðlegu "Fernando Sor" gítarkeppninni í Róm 1992 og hefur haldið tónleika víða um heim. Hann hefur margoft komið fram á Íslandi, m.a. með Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og á Listahátíð í Reykjavík. Hann hefur búið í Barcelona um árabíl og kennir þar gítarleik við Luthier tónlistarskólann. Hljómdiskur með leik hans sem út kom árið 1999 hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda á Íslandi og erlendis.

Hallveig Rúnarsdóttir hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991. Hún lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Það sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001. Hallveig tók þátt í uppfærslu á óperunni Rinaldo sem sett var upp af óperudeild skólans, auk þess að koma fram í senum úr mörgum óperum. Einnig söng hún stórt hlutverk í frumflutningi óperunnar Midsummer Magic eftir Dobrinku Tabakovu. Hallveig söng hlutverk Fiordiligi með Óperustúdíói Austurlands sumarið 2002. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim, hefur verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt ýmis ný íslensk verk, t.d. á Listahátíð í Reykjavík og á Sumartónleikum í Skálholti, auk upptaka fyrir útvarp. Hallveig hefur verið virk í kórastarfi, starfaði lengi með Hamrahlíðarkórnum og Hljómeyki auk þess að vera í heimskór Æskufólks (World Youth Choir) sumrin 1992 –3. Hallveig hélt sína fyrstu opinberu tónleika nýverið í tónlistarhúsinu Ými.

David Nooteboom hlaut tónlistaruppeldi sitt í Hollandi, fyrst í Tónlistarskólanum í Arnhem, síðar í Tónlistarháskólunum þar og í Utrecht. Á námsárunum lék hann með fjölmörgum hljómsveitum og hópum í Hollandi, lék meðal annars einleik í trompetkonsert Neruda. Hann hefur tekið þátt í tónleikaferðum til margra landa, m.a. Þýskalands, Frakklands, Tékkóslóvakíu, Finnlands, Hollensku Antillueyja, Ítalíu, Portúgal, Svíþjóðar og Bandaríkjanna. Síðan David flutti til Íslands 1996 hefur hann verið virkur sem hljóðfæraleikari og kennari. Hann var trompetleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2000-2001 og fór m.a. með sveitinni til Bandaríkjanna í tónleikaferð. Hann hefur auk þess leikið með Hljómsveit Íslensku Óperunnar, Stórsveit Reykjavíkur, og blásarasveitinni Serpent. Hann kennir í Tónlistarskóla Garðabæjar og hjá Skólahljómsveit Kópavogs. David hefur hin síðari ár verið fastur félagi í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Daníel Bjarnason tók burtfararpróf í píanóleik frá Tónlistarskóla F.Í.H. vorið 2000 og hóf nám í tónsmíðum við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík sama ár. Daníel hefur numið hljómsveitarstjórnun hjá Gunnsteini Ólafssyni síðan 1999 og hefur stjórnað ýmsum kammer-sveitum og smærri hópum, bæði eigin verkum og annarra. Daníel hefur sótt námskeið í hljómsveitarstjórnun hjá Oslo Sinfonietta undir stjórn Christian Eggen. Hann tók þátt í hinu eftirsóttu tónsmíðanámskeiði fyrir ung tónskáld "Voix Nouvelles"

undir stjórn Brian Ferneyhough í Frakklandi í september 2001. Þar vann hann náið með hinni virtu kammersveit Nieuw Ensemble frá Amsterdam og stjórnanda hennar Ed Spanjaard. Daníel lýkur námi frá tónfræðadeildinni vorið 2003 og mun þá stjórna frumflutningi á eigin píanókonert með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Daníel hyggur á framhaldsnám í hljómsveitarstjórnun.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna er, eins og nafnið bendir til, fyrst og fremst skipuð hljóðfæraleikum sem hafa atvinnu sína af öðru en hljóðfæraleik. Sveitin heldur tónleika 5-6 sinnum á ári og kemur auk þess fram á tónleikum með öðrum og við ýmis tækifæri. Frumkvöðull að stofnun hennar 1990 og aðalstjórnandi æ síðan er Ingvar Jónasson. Hljómsveitin hefur skapað sér fastan sess í menningarlífi höfuðborgarsvæðisins og raunar landsins alls því hún hefur haldið tónleika og leikið með listamönnum víða um landið. Í haust lauk upptökum á geisladiski sem gefinn er út í dag og er til sölu í anddyrinu.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Anne-Marie Steinheim
Vera Ósk Steinsen

2. fiðla

Páll Eyjólfur Ingvarsson
Jónína Þ. Thorarensen
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Helga Andrésdóttir
Yukiko Koshizuka
Jóhanna Kolbrún Guðmundsdóttir

Víola

Kristín Halla Bergsdóttir
Eva Björg Harðardóttir
Halldóra Æsa Aradóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir

Selló

Páll Einarsson
Sverrir Teitsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Kontrabassi

Kjartan Guðnason

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir

Klarinetta

Ella Björt Daníelsdóttir
Sigurður Steinþórsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson

Pákur

Árni Áskelsson

Orgel

Viera Manásek

UM HÖFUNDA OG TÓNVERK:

Antonio Vivaldi mun alls hafa samið um sexhundruð konserta. Af fjórum verkum hans fyrir lútu er konsertinn í D dúr fyrir tvær fiðlur, lútu og fylgirödd langkunnastur. Hann var saminn upp úr 1730 er Vivaldi dvaldi í Bæheimi og tileinkaður Jan Josef Vrtba, greifa.

Kantata Bachs nr 51, Jauchzet Gott in allen Landen, er líklega alvinsælasta kantata meistarans, sú sem oftast er flutt og oftast hefur verið hljóðrituð. Þótt hún sé trúarlegs eðlis er texti hennar ekki tekinn úr biblíunni. Flest bendir til að Bach hafi sjálfur skrifað hann og á handritinu stendur að kantatan sé til almenns brúks. Hún er samin um 1730 þegar Bach var kantor í Tómasarkirkjunni í Leipzig.

Mario Castelnovo-Tedesco (1895-1968) fæddist í Flórens og starfaði fyrri hluta starfsævinnar á Ítalíu sem tónskáld og píanóleikari. Hann var af gyðingaættum og flúði til Bandaríkjanna árið 1939 með konu sinni og tveimur ungum sonum. Hann settist að í Hollywood, starfaði fyrir MGM Studios og samdi tónlist við fjölda kvikmynda. Hann samdi einnig mikinn fjölda annarra verka, þ.á.m. sjö óperur og yfir þrjúhundruð verk fyrir gítar. Tedesco var einnig eftirsóttur kennari, kenndi meðal annarra John Williams, Henry Mancini og André Previn. Sá síðastnefndi lét eitt sinn þau orð falla að til þess að fá verkefni í kvikmyndaverum Hollywood væri nánast skylda að vera nemandi Castelnovo-Tedesco. Gítarkonsert nr. 1 var saminn fyrir hluta árs 1939 fyrir Andrés Segovia. Miðkaflinn sem er byggður á stefjum ítalskra þjóðlaga er saknaðarfull kveðja til fósturjarðarinnar.

ALMENNUR SÖNGUR:

Í Betlehem er barn os fætt	Það barn oss fæddi fátæk mær
Því fagni gjörvöll Adams ætt	Hann er þó dýrðar drottinn skær

Hann var í jötu lagður lágt	Í myrkrum ljómar lífsins sól
En ríkir þó á himnum hátt	Þér, guð, sé lof fyrir gleðileg jól

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju og Sinfóníu-hljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.